

Skjal nr.	Mótt af.	Mótt dags.
2.15	GJÓ	31. JAN. 2019
Abm.	Úrv. aðili	Málsnr. One
St. A	St. S	1901379



Bæjarráð Akraness,
Stillholti 16-18,
300 Akranesi.

Efni: Hækkun á álagningu fasteignagjalda á atvinnufyrirtæki á Akranesi.
Vegna: Faxabrautar 7, 300 Akranesi, fastanúmer 210-2312.

Nótastöðinni ehf. barst nú nýverið tilkynning um álagningu fasteignaskatts 2019 á framangreinda eign samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar Akraness frá 11. desember s.l. Félagið mótmælir þeirri gífurlegu hækkun, 26%, sem felst í ákvörðun um álagninguna sem kemur til viðbótar ítrekuðum hækkunum á fasteignaskatti sem bæjarstjórn Akraness hefur lagt á fasteignina á undanförunum árum. Ákvarðanir bæjarstjórnar um hækkunir fasteignaskatts eru ekki í neinu samræmi við almennar verðlagsbreytingar undanfarinna ára, né endurspeglar þá tekjumöguleika sem félagið á möguleika á að hafa af rekstri fasteignarinnar.

Frá árinu 2005 hafa fasteignaskattar á fasteignina Faxabrautar 7 hækkað um 406%, en á sama tíma hefur fasteignamat fasteignarinnar "aðeins" hækkað um 201%. Hækkun byggingarvísitölu á framangreindu tímabili er 233,6% og neysluverðsvísitölu um 193%. Ástæða þess að félagið miðar í samanburði sínum hér að framan við árið 2005 er að það ár er fyrsta rekstrarárið eftir sameiningu Granda hf. og Haraldar Böðvarssonar hf. en ákvarðanir stjórnenda HB Granda hf. sem teknar voru í kjölfarið kipptu fótunum undan áratugalöngum rekstri Nótastöðvarinnar hf. varðandi þjónustu við sjávarútvegsfyrirtæki.

Nótastöðin hf. er ekki í þeirri aðstöðu að geta velt árlegum hækkunum fasteignaskatta Akraneskaupstaðar yfir á aðra s.s. með einfaldri ákvörðun um hækkun húsaleigu til leigutaka fasteignarinnar eða með öðrum ráðstöfunum s.s. að selja fasteignina þar sem fasteingaskattar, fráveitugjöld og vatnsgjöld, sem öll eru skv. lögum ákvörðuð í umboði bæjarstjórnar, eru svo há að vænt arðsemi kaupenda af fjárfestingunni stendur ekki undir þeim.

Vandséð er að reikna megi með aukinni arðsemi (s.s. hækkun leigu) af fasteigninni á næstu árum til að mæta gífurlega háum fasteignasköttum og þjónustugjöldum sveitarfélagsins.

Félagið vekur athygli bæjarráðs á að ítrekuð árleg hækkun fasteignaskatta og þjónustugjalda sveitarfélagsins af fasteignum, langt umfram almennar verðlagsbreytingar, hefur verulega neikvæð áhrif á hvaða rekstur sem er og hefur sett félagið í mjög erfiða stöðu bæði hvað varða að leigja eignina eða selja.

Að mati félagsins eru ítrekaðar margfaldar hækkunir fasteignaskatta og þjónustugjalda sveitarfélagsins af fasteignum, umfram almennar verðlagsbreytingar, ekki til þess fallnar að bæta rekstrarumhverfi atvinnufyrirtækja á Akranesi, hvað þá að laða að ný atvinnufyrirtæki til kaupstaðarins..

Félagið óskar eftir að bæjarstjórn Akraness endurskoði ákvörðun sína um hækkun fasteignaskatta 2019 á fasteign félagsins að Faxabraut 7, Akranesi.

Með bestu kveðju
f. h. Nótastöðvarinnar hf.,

Magnús H Sólmundsson

